

GJALDSKRÁ

fyrir Hafnasjóð Norðurlands.

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Norðurlands, þ.e. Húsavíkurböfn, Raufarhafnarhöfn og Kópaskershöfn, og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnasjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu þeirra.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal innheimta lestargjald á mælieiningu skips skv. 2. gr. við hverja komu til hafnar.

Af fiskiskipum og bátum skal þó ekki innheimta lestargjald oftar en tvisvar í mánuði og einu sinni í hverjum mánuði liggi skip við bryggju til lengri tíma.

Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau nýti ekki aðra þjónustu.

Lestargjald, 23,30 kr. pr. brt.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða bryggjugjöld á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum undir 100 brt sem mánaðargjald á mælieiningu, en þó aldrei lægra en uppgefið lágmarksverð á mánuði samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Bryggjugjöld fyrir skip minni en 10.000 brt, 12,50 kr. pr. brt.

Bryggjugjöld fyrir skip stærri en 10.000 brt, 16,70 kr. pr. brt.

Mánaðargjöld, 153,50 kr. pr. brt.

Lágmarksgjöld báta 20 brt og stærri fyrir hvern byrjaðan mánuð, 16.630,70 kr.

Lágmarksgjöld báta undir 20 brt fyrir hvern byrjaðan mánuð, 10.229 kr.

Bátar í vetraruppistöðu á hafnarsvæðum fyrir hvern byrjaðan mánuð, 7.279,90 kr.

Bátar í uppistöðu lengur en 6 mánuði á hafnarsvæði fyrir hvern byrjaðan mánuð, 29.840,80 kr.

Bátavagnar og kerrur á hafnarsvæðum fyrir hvern byrjaðan mánuð, 7.279,90 kr.

Heimilt er að leggja allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 3 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem eru í langtíma viðlegu og skila hvorki afla- og/eða farþegagjaldi til hafnarinnar.

Bryggjugjöld af erlendum skútum og skemmtibátum. Innifalið er vatn og rafmagn.

Gjald fyrir hvern byrjaðan dag, 5.937 kr.

Skútur í vetraruppistöðu á höfn mánaðargjald, 29.841 kr.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjölnum á land eða úr landi á skipsfjölnum, eða úr einu skipi í annað, innan marka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum, eins fljótt og auðið er, til hafna Norðurþings, vegna álagningar vörugjalda.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum fluttum með reglulegum strandsiglingum, til hafnar, er veittur 40% afsláttur af vörugjöldum í hverjum verðflokki. Af vörum sem fara frá höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar að vörurnar eru fluttar í land.

Í samræmi við lög um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka í Norðurþingi, nr. 52/2013, og fjárfestingarsamning ríkisins við PCC SE og PCC BakkiSilicon hf. gilda sérákvæði um afslátt félagsins PCC BakkiSilicon hf. Samkvæmt samningi hafnasjóðs og PCC BakkiSilicon hf. frá 30. júlí 2013 skal félaginu veittur 40% afsláttur af vörugjöldum vegna inn- og útflutnings, hvort sem flutningurinn fer fram með reglubundnum strandsiglingum eða með beinum inn- og útflutningi.

8. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vörum í vörugjaldsflokkum 1 og 2 og a-lið 3. flokks, sbr. 12. gr.

9. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- b. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- c. Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd með umbúðum eða verðmæti, af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá áður en lestun eða losun hefst. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, ósundurliðað eða famlýsing óskýr skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

11. gr.

Vörur skal flokka til eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl. Heilfarmar af lausu efni í lestum eða bílum, svo sem kol, laust korn, salt, sandur, mól, kvarts, málmgrýti og önnur steinefni, vikur, kísilgúr, sement, áburður, súrál, koks, og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
 - a) Gjald fyrir hvert byrjað tonn, 503 kr.
 - b) Farmar af lausu efni losað eða lestað beint af hafnarvæði, 1.058 kr.
2. fl. Heilfarmar af vökva sem dælt er í land eða um borð í skip, s.s. bensín og brennsluolíur, lýsi, fiskimjöl, fiskifóður, þörungamjöl ásamt inn- og útfluttum sjávarafurðum.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd.

Gjald fyrir hvert byrjað tonn, 629 kr.
3. fl.
 - a) Þungavarningur svo sem sekkjavörur, óunnir málmar og timbur, stálbitar, steypustyrktarjárn, brotajárn, byggingarefni ýmiss konar, rör, gifsplötur, rafmagnsstrengir, málmklæðningar og einangrun. Útgerðarvörur, smurolíur, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Steinull, sauðskinn, plaströr, gler og umbúðir.
 - b) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðist eigendur með sama skipi.

Gjald fyrir hvert byrjað tonn, 952 kr.
4. fl.
 - a) Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í 1.–3. fl., s.s. vélar og varahlutir, vinnuvélar, tæki og tækjabúnaður hvers konar. Skrifstofu- og aðstöðugámar. Heimilistæki og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, aflvélar, mótorar, mælitæki Húsbúnaður, búslóð, húsgögn, vefnaðarvara, fatnaður og gúmmí. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur ýmiss konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - b) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Gjald fyrir hvert byrjað tonn, 2.497 kr.

5. fl. 1,60% af heildaraflaverðmæti sjávarafla sem er lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd.

Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Gjald af frystum afla reiknast 0,80% af heildarverðmæti skv. hafnalögum.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Seljanda ber að standa skil á aflagjaldi og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Við sölu aflans til skyldra aðila skal vera skv. 3. mgr. 9. gr. laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998, skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs.

Um aflagjald af grásleppuhrognum gildir sama regla og með landaðan bolfisk og skal útgerðarmaður eða verkandi skila til hafnaryfirvalda skýrslum um heildarverðmæti hrognanna. Verði þeim ekki skilað munu hafnaryfirvöld ná í þær tölur inn á vefsíðu Fiskistofu sem vigtarmenn hafa aðgang að.

Af vörum fluttum til hafnar með reglubundnum strandflutningum er veittur 40% afsláttur af vörugjöldum í hverjum verðflokki. Lágmarksgjald í öllum flokkum er 3.000 kr. á hvert tonn.

Úrgangs- og förgunargjald.

12. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, og reglugerð nr. 1200/2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfis- og orkustofnunar.

Skip sem óskar eftir að hafnir Norðurþings taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 48 klst. fyrir komu til hafnar.

Annist höfn móttöku og förgun á úrgangi frá skipi skal gjald greitt fyrir þjónustuna fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Fari kostnaður við förgun og eyðingu umfram uppgefið gjald hafnarinnar greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur við móttöku og förgun.

Fyrir öll skip sem falla undir 11. gr. c í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, skal greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- a) *Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða gjald á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi.

Gjald pr. brt skips samkvæmt a-lið, 1,08 kr.

Lágmarksgjald samkvæmt a-lið, 8.376 kr.

Hámarksgjald samkvæmt a-lið, 71.801 kr.

- b) *Úrgangsgjald:* Gjald skv. a-lið má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og frágangur skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð.

Gjald pr. brt skips samkvæmt b-lið, 0,81 kr.

Lágmarksgjald samkvæmt b-lið, 8.215 kr.

Hámarksgjald samkvæmt b-lið, 35.144 kr.

- c) *Úrgangsgjald*: Fyrir skip og báta sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu skal greiða samkvæmt b-lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.

- d) *Úrgangsgjald*: Fyrir skip og báta sem eru undir 60 m að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í höfnum Norðurþings skal greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi.

Fast gjald á mánuði samkvæmt d-lið, 8.140 kr.

- e) *Förgunargjald*: Við komu til hafnar skal fyrir öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir eftirliti, umsýslu og förgun á úrgangi sem skilað er á land:

Fyrir farþegaskip yfir 60 m á lengd skal greiða 2,24 kr. pr. brt.

Fyrir önnur skip skal greiða 3,20 kr. pr. brt.

Greiða skal samkvæmt h-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun. Skip og bátar sem eru undir 60 m á lengd og hafa varanlega viðveru í höfnum Norðurþings skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi.

Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 48.992 kr.

- f) *Förgunargjald*: Skili skip sorpi til hafnarinnar eða leiti til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. e-lið fellt niður enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist hafnaryfirvöldum. innan tveggja sólarhringa frá brottför skips hafi skip leitað beint til viðurkenndrar móttökustöðvar.

- g) Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 getur Umhverfis- og orkustofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs.

Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

- h) Fyrir skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. og 11. gr. c laga laga varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, skal greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi.

Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er 18.449 kr. á hvern rúmmetra. Lágmarksgjald miðast við einn rúmmetra. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur. Höfnin skilar sorpi til sorpmóttöku samkvæmt þyngd í kg. Hafnasjóður áskilur sér rétt til að umreikna kg gjald yfir í rúmmetragjald til viðskiptavina hafna ef kostnaður per þyngd á sorpi er hærri en rúmmetragjald hafnar.

Förgunargjald:

Gjald fyrir farþegaskip, 2,24 kr. pr. brt.

Gjald fyrir önnur skip, 3,20 kr. pr. brt.

Hver einstök losun:

Gjald pr. m³ sorps, lágmarksgjald. Gjald miðast við 1 m³, 19.224 kr.

Ef sækja þarf sorp við skipshlið bætist við kostnaður fyrir bíl eða önnur tæki, 11.874 kr.

Sorpgjald báta og skipa sem hafa fasta viðlegu í höfn:

Móttaka veiðarfæra og tóga er hjá Ísfelli.

Sé sorpi skilað til hafnar innheimtir höfn kostnað fyrir vinnu við að koma því á móttökustöð.

Bátar að 15 brt, fyrir hvern byrjaðan mánuð, 3.024 kr.

Bátar 15-50 brt, fyrir hvern byrjaðan mánuð, 6.045 kr.

Bátar yfir 50 brt, fyrir hvern byrjaðan mánuð, 12.090 kr.

Útgerðaraðili skal skila sorpi og úrgangi flokkuðu til hafnar á opnunartíma hafnar og gera hafnarverði grein fyrir magni og tegund úrgangs. Gjaldtakan á að standa undir umsýslu og lágmarkslosun úrgangs frá hverjum bát. Ef magn sorps og kostnaður hafnar við förgun, frá aðilum fer yfir samanlagða árs gjalddöku mun höfn innheimta sérstaklega þann mismun sem kemur til frá móttökustöð. Ef skipstjóri eða útgerðaraðili óskar eftir gám eða ílátum til magnlosunar sorps og losun fer fram á flokkunarstöð verður það gjaldfært samkvæmt reikningi flokkunarstöðvar fyrir viðkomandi losun.

Vigtargjöld.

13. gr.

Vigtargjald, 223 kr. pr. tonn.

Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun að 10 tonnum, 2.135 kr.

Skráningargjald afla, fyrir hvert byrjað tonn, 152 kr.

Skráningargjald vegna endurvigtunar, 2.182 kr. pr. löndun.

Kranagjald hafnarkrana, fyrir hvert byrjað tonn, 274 kr.

Vigtun ökutækja, vagna o.fl., 3.383 kr.

Á vigtun sem fram fer í samfelldri vinnulotu á tímabilinu kl. 17.00–08.00 á virkum dögum bætist við yfirvinna vigtarmanns sem deilist niður á notendur. Lágmarksgjald er þó aldrei minna en 25% af gjaldi.

Vigtun í yfirvinnu, 8.376 kr. pr. klst.

Útkallsvigtun: Ef vigtað er utan daglegs opnunartíma hafnar greiðir sá er vigtað er fyrir útkall samkvæmt gjaldskrá. Kostnaður útkalls deilist á viðskiptavinum, þó aldrei minna en fjórðungur úr klst. á hvern viðskiptavin. Tvöfalt gjald er tekið á stórhátíðardögum. Útkall reiknast að lágmarki 4 klst.

Útkallsvigtun, 31.038 kr.

Vatnsgjöld.

14. gr.

Vatnsgjald frá bryggju, kalt vatn, 507 kr. pr. m³.

Vatnsgjald frá bryggju, heitt vatn, 802 kr. pr. m³.

Lágmarksgjald á köldu og heitu vatni, miðast við 10 m³.

Bátar að 15 brt með fasta viðlegu greiða 997 kr. pr. mánuð.

Bátar frá 15-50 brt með fasta viðlegu greiða 1.994 kr. pr. mánuð.

Bátar yfir 50 brt með fasta viðlegu greiða 4.698 kr. pr. mánuð.

Tengigjald á dagvinnutíma, 7.330 kr. pr. klst.

Tengigjald utan dagvinnutíma, 13.196 kr. pr. klst.

Lágmarkstími útkalls er 4 klst.

Raforkusala.

15. gr.

Raforkusala frá höfn, 25,70 kr. pr. kWh.

Tengigjald á dagvinnutíma, 7.330 kr. pr. klst.

Tengigjald utan dagvinnutíma, 13.196 kr. pr. klst.

Lágmarkstími útkalls er 4 klst.

Lágmarksgjald raforku miðast við 300 kWh, 7.721 kr.

Mælaleiga, lágmarksgjald fyrir hvern byrjaðan mánuð, 9.833 kr.

Gerð er krafa um að viðskiptavinir hafnarinnar sem tengjast vilja raforkukerfi hafnarinnar séu með mæli til að sýna fram á notkun hverju sinni. Tengist aðili rafmagni án mælingar mun höfnin áætla raforkunotkun.

Geymslugjöld og leigugjöld.

16. gr.

Gjald geymslusvæði samkvæmt samningi.

Geymsla á farmverndarsvæði, mánaðargjald, 274 kr. pr. m².

Geymsla á frágengnu svæði, mánaðargjald, 191 kr. pr. m².

Geymsla á öðrum hafnarsvæðum, mánaðargjald, 109 kr. pr. m².

Gjald fyrir skammtímageymslu á hafnarsvæðum.

Geymsla fyrir 20" gám, fyrir hvern byrjaðan sólarhring, 762 kr.

Geymsla fyrir 40" gám, fyrir hvern byrjaðan sólarhring, 1.522 kr.

Innheimt er fyrir raforku til frystigáma samkvæmt mælingu.

Mánaðarleiga fyrir geymslugáma á tilgreindum gámageymslusvæðum.

Geymsla fyrir 20" gám, fyrir hvern byrjaðan mánuð, 8.232 kr.

Geymsla fyrir 40" gám, fyrir hvern byrjaðan mánuð, 16.462 kr.

Ekki er heimilt að staðsetja geymslugáma eða annan varning á hafnarsvæði nema með leyfi hafnaryfirvalda. Heimilt er að innheimta gjald (sekt) fyrir veiðarfæri eða annan varning sem settur er á hafnarsvæði án leyfis hafnaryfirvalda.

Ekki er heimilt að geyma veiðarfæri eða annan varning fyrir utan eða ofan á gámum sem staðsettir eru á gámageymslusvæðum á hafnarsvæðum.

Hafnaryfirvöld áskilja sér rétt til að láta fjarlægja veiðarfæri og annan varning sem settur er við geymslugáma eða á önnur hafnarsvæði, á kostnað eigenda.

Daggjald vegna ósamþykkrar geymslu veiðarfæra og varnings á hafnarsvæðum, 8.394 kr.

Gjald fyrir skammtímageymslu veiðarfæra og varnings á hafnarsvæðum.

Eftir fyrstu fimm dagana, 8.394 kr. pr. sólarhring.

Svæði fyrir söluhús, án vatns og raforku, frá júní til loka ágúst, 54.875 kr.

Leigugjald.

Leigugjald fyrir einkaafnot af hluta bryggju sem notanda hefur verið úthlutað á ársgrundvelli, skal vera 52.500 kr. á fermetra. Gerður skal sérstakur samningur um einkaafnot þar sem svæði til afnota er skilgreint.

Langtímasamningur.

Heimilt er að gera langtímasamning um hafnargjöld, farþegagjöld og leigu á mannvirkjum við notendur sem hafa varanleg afnot af bryggjum og njóta þannig sérstakra afnota af hluta hafnarinnar. Við ákvörðun gjalda samkvæmt slíkum samningi skal horft til umsvifa, stærðar afnotasvæðis og fjölda skipa viðkomandi notanda.

Flotbryggjugjöld.

17. gr.

Flotbryggjugjöld pr. byrjaðan mánuð:

Bátar að 15 brt, 13.085 kr.

Bátar 15-30 brt, 40.266 kr.

Bátar yfir 30 brt, 72.483 kr.

Hafnsögugjöld.

18. gr.

Samkvæmt 6. gr. í hafnarreglugerð fyrir hafnir Norðurlands er öllum skipum lengri en 60 m, að undanskildum innlendum fiskiskipum, skylt að taka hafnsögumann við siglingu um hafnasvæði Norðurlands.

Fyrir leiðsögn til hafnar að bólvirki eða lægi skal greiða gjald samkvæmt brúttótonnatölu skips en aldrei lægra en lágmarksgjald segir til um samkvæmt gjaldskrá. Fyrir leiðsögn frá höfn, bólvirki eða lægi greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfn greiðist hálf hafnsögugjald.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúta hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu, sbr. hafnarreglugerð fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs., nr. 287/2005, við sérstakar aðstæður og ef viðkomandi skipstjórnandi hefur gild hafnsöguréttindi. Skal skip sem fengið hefur undanþágu frá hafnsöguskyldu engu að síður greiða fullt hafnsögugjald.

Hafnsögugjald fyrir hverja ferð, 13.20 kr. pr. brt.

Hafnsögugjald, lágmark fyrir hverja ferð, 122.835 kr.

Flutningur hafnsögumanns, fast gjald fyrir hverja ferð, 88.601 kr.

Móttaka skipa.

19. gr.

Festargjald pr. mann í dagvinnu, fyrir hverja komu/brottför, 21.932 kr.

Festargjald pr. mann í yfirvinnu, fyrir hverja komu/brottför, 39.478 kr.

Festargjald pr. mann á stórhátíðardögum greiðist tvöfalt næturvinnugjald.

Fjöldi manna við afgreiðslu skipa fer eftir stærð skipa og aðstæðum og er ákveðið af hafnaryfirvöldum hverju sinni.

Þjónusta dráttarbáta.

20. gr.

Öllum oliuskipum, skipum sem ekki hafa bógskrúfu og skipum með hættulegan farm er skylt að hafa dráttarbát til að tryggja öryggi við komur og brottfarir til og frá höfnum Norðurþings, skv. 6. gr. hafnarreglugerðar.

Hafnarstjóri eða starfsmenn hafna, í umboði hafnarstjóra, geta þó krafist þess að skipstjórar allra skipa sem fara ætla um hafnarsvæði Norðurþings noti dráttarbát sér til aðstoðar og öryggis við komu eða brottför úr höfn, ef hann telur ástæðu til. Skipstjórar skipa geta óskað eftir aðstoð dráttarbáta telji þeir sig þurfa slíka þjónustu.

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbáta, 15,90 kr. pr. brt skipa.

Hámarksgjald fyrir aðstoð dráttarbáts, 447.168 kr. pr. klst.

Lágmarksgjald fyrir Seif (staðsettur á Akureyri), 105.371 kr. pr. klst.

Lágmarksgjald fyrir Sleipni (staðsettur á Húsavík), 95.225 kr. pr. klst.

Siglingatími, Sleipnir, 107.230 kr. pr. klst.

Fylgi dráttarbátur skipi til öryggis á milli kanta innan hafnar er tekið hálf gjald.

Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar einnig skipið, fellur gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

Siglingatími Sleipnis til eða frá stað umfram eina klst., tímagjald, 107.256 kr.

Siglingatími Seifs til eða frá stað umfram eina klst., tímagjald, 124.714 kr.

Hafnar- og siglingaverndargjald.

21. gr.

Við komu skipa, sem falla undir ákvæði laga um siglingavernd, nr. 50/2004, ber að greiða eftirfarandi gjöld:

Farþegavernd, pr. farþega farþegaskipa, 164 kr.

Farmvernd, álag á vörugjöld, 20%.

Öryggisgjald vegna hafnarverndar fyrir hverja komu til hafnar, 73.595 kr.

Öryggisvörður pr. klst., dagvinnutími, miðað við einn mann, 8.695 kr.

Öryggisvörður pr. klst., næturvinnutími, miðað við einn mann, 16.120 kr.

Gjald miðast við einn öryggisvörð. Hafnaryfirvöld ákvarða fjölda öryggisvarða í hverju tilfalli.

Farþegagjöld.

22. gr.

Farþegagjald skal greiða af hverjum farþega ferðaþjónustubáta og skemmtiferðaskipa.

Skipstjórar eða eigendur þeirra báta sem stunda farþegaflutninga við hafnir Norðurlands skulu skila upplýsingum um farþegafjölda mánaðarlega meðan á farþegaflutningum stendur. Skal upplýsingum skilað eigi síðar en 10. dag hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð.

Berist hafnaryfirvöldum ekki farþegatölur á tilsettum tíma munu hafnaryfirvöld innheimta farþegagjöld samkvæmt áætluðum fjölda fluttra farþega.

Farþegagjald, 244 kr. pr. farþega.

Önnur gjöld.

23. gr.

Leiga á lyftara með manni, 28.497 kr. pr. klst.

Leiga á landgöngum, fyrir hverja byrjaða 24 tíma, 35.621 kr.

Tímagjald hafnarstarfsmanns, pr. dagvinnu, 8.695 kr.

Tímagjald hafnarstarfsmanns, pr. yfirvinnu, 16.120 kr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, skal sá er veldur mengun í höfnum og á hafnasvæðum standa straum af öllum kostnaði vegna viðbragða og hreinsunar s.s. vinnu hafnarstarfsmanna, slökkviliðs eða annarra viðbragðsaðila svo og kostnaði vegna notkunar á búnaði og þeim efnum sem notuð eru við hreinsun og varnir.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

24. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina, skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 28/2001.

Skipstjóri, eigandi eða umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum, sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Skipstjóra er skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur

vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

25. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu.

Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

26. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts, sbr. 3. tl. 3. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Skip í eigu erlendra aðila greiða ekki virðisaukaskatt.

27. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum, sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Gildistaka.

28. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Norðurljóða er samþykkt af hafnarstjórn Norðurljóða í apríl 2026, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál, nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir Hafnasjóð Norðurljóða.

Húsavík, 30. apríl 2026.

Katrín Sigurjónsdóttir hafnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 21. maí 2026